


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 5	<b>ÍSLE1RO03</b>	
<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>		

<b>Kennari</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁBE
----------------	-------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Áhersla er lögð á að nemendur bæti lestrartækni, lestrarhraða, lesskilning sinn og öðlist úthald við lestur. Unnið verður með smásögur, ævintýri, blaða- og tímaritsgreinar. Ennfremur fá nemendur þjálfun í ýmiss konar ritun þar sem reynir á sköpunarhæfni og frumkvæði. Þeir fá þjálfun í að nota ýmis hjálpargögn s.s. orðabækur/tölvuorðabækur og yfirlestrarforrit til að bæta og lagfæra eigin texta. Algengasta myndmál og stílbrögð verða rifjuð upp með hliðsjón af dægurlagatextum og unnið með orðaforða með margvíslegu móti til að nemandi auki við orðaforða sinn í ræðu og riti. Nemendur vinna síðan áhugasviðsverkefni, ýmist einir eða með öðrum, og kynna þau svo fyrir samnemendum sínum.

### Markmið:

#### Þekkingarmarkmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi þess að búa að góðri lestrarfærni, t.d. góðum leshraða, lesskilningi og úthaldi við lestur.
- Mismunandi lestraraðferðum, t.d. hraðlestri, nákvæmnislestri og leitarlestri.
- Nokkrum tegundum bókmennta- og nýttjatexta, s.s. smásögum, blaða- og tímaritsgreinum.
- Uppbyggingu ólíkra texta.
- Orðaforða sem nýtist í ræðu og riti.
- Mikilvægum atriðum sem einkenna góða framsögn og umræður.
- Notkun hjálpargagna.
- Mikilvægi þess að geta heimilda.

#### Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda og skilja algengt líkingamál og orðatiltæki.
- Nota mismunandi lestraraðferðir við ólíka texta.
- Kynna og lýsa munnlega ýmiss konar efni.
- Vinna fjölbreytt verkefni þar sem reynir m.a. á sköpun og frumkvæði.
- Nota yfirlestrarforrit og orðabækur til að lagfæra eigin texta.
- Taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans.
- Leita upplýsinga úr heimildum og nýta á viðeigandi hátt.

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 5	<b>ÍSLE1RO03</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	

- Afla sér upplýsinga í ýmsum nytjatextum, s.s. blaða- og tímaritsgreinum.
- Auka leshraða og dýpka lesskilning sinn.
- Styrkja eigin mál- og ritfærni.
- Túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu.
- Vinna skapandi verkefni, t.d. í tengslum við vinnu með texta.


### Námsgögn:

*Lestur og ritun (Les- og vinnuhefti) - ÍSLE1RO03 (fæst á skrifstofu VMA)*


*Lestu betur (ekki þarf að kaupa bókina)*

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
<b>34</b> 22.8. - 26.8.	Kynning á áfanganum, hópefli og staða nemenda könnuð. Ýmis verkefni þar af eitt lesskilningsverkefni bls. 3-4 í hefti. (3)	Nemendur skrifa kynningu á sjálfum sér og skila kennara.  Lestrarpróf – gildir ekki til einkunnar  Vinna nemenda metin
<b>35</b> 29.8.- 2.9.	Lesskilningsverkefni bls. 5-6 í hefti. Ýmis verkefni, sem taka mið af því að nemendur getur vantað í kennslustund vegna nýnemaferða, þ.m.t. ritun. Nýnemahátíð fimmtudaginn 1. sept. (2-3)	Lesskilningsverkefni Verkefni við lestexta Ritun  Vinna nemenda metin
<b>36</b> 5.9.- 9.9.	Ritunarverkefni: Upphaf gefið. Lestextar: Tímaritsgreinin <i>Rúnum ristur kambur</i> bls. 71 í leshefti og smásagan <i>Í draumi sérhvers manns</i> bls. 28-33 + verkefni og samnefnd stuttmynd. (3)	Lesskilningsverkefni Ritun Efnisspurningar  Vinna nemenda metin
<b>37-38</b> 12.9.- 23.9.	Lesskilningsverkefni bls. 7-8. Unnið með texta lagsins <i>Valhöll</i> með Skálmöld bls. 37-38: Orðaforði, ritun, bragfræði, upplýsingaleit í tölvu. Nemendur velja eitt goð og gera stutta kynningu á því. Unnið með skapandi hætti með ýmislegt sem tengist efninu. (6)	Lesskilningsverkefni Efnisspurningar Ritun Skapandi vinna  Vinna nemenda metin

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 5	<b>ÍSLE1RO03</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>

<b>39</b> 26.9.- 30.9.	Lesskilningsverkefni bls. 9. Horft á teiknimyndina <i>Hetjur Valhallar – Þór</i> , verkefni unnið samhliða. Stutt ritunarverkefni í tengslum við myndina. Nafnaverkefni bls. 66-67 í leshefti, tölvustofa. (3)	Lesskilningsverkefni Efnisspurningar Ritun Vinna nemenda metin
<b>40</b> 3.10.- 7.10.	Lesskilningsverkefni bls. 10-11. Smásagan <i>1000 orða virði</i> bls. 21-27 í leshefti. Unnið með hana með ýmsum hætti. Farið í algengt myndmál og stílbrögð ljóða, bls. 34-36, og verkefni unnin bls. 39-43 unnin. (3)	Lesskilningsverkefni Efnisspurningar Ritun Fyrri vinnumöppu skilað 7. okt. Vinna nemenda metin
<b>41</b> 10.10. - 14.10.	Lesskilningsverkefni bls. 14-15. Þjóðsögur og ævintýri: Nokkur gömul og þekkt ævintýri lesin. Nemendur vinna teiknimyndasögu úr einu ævintýri og skrifa annað ævintýri upp á nýtt út frá sjónarhorni aukapersónu í því. Nemendur skrifa sitt eigið ævintýri. (3)	Lesskilningsverkefni Ritun: 3 verkefni Vinna nemenda metin
<b>42</b> 17.10.- 21.10.	<i>Lesskilningsverkefni</i> bls. 12-13. Ritun: Skrifa uppskrift og innkaupalista eða matseðil fyrir veitingastað/mötuneyti skólans. <i>Risafuglar</i> bls. 83-87 – hópvinna, lesa texta og útbúa spurningar fyrir spurningakeppni. Ritunarverkefni: Upphaf gefið. (3)	<b>Miðannarmat</b> Lesskilningsverkefni Hópverkefni Ritun Vinna nemenda metin
<b>43</b> 24.10.- 28.10.	Lesskilningsverkefni 16. Smásagan <i>Elskar mig – elskar mig ekki</i> bls. 59-69 í hefti lesin og nemendur og vinna með efni sögunnar með skapandi hætti. (2) <b>Afmæli Helga magra 24. okt.</b>	Lesskilningsverkefni Orðtakaverkefni 10% Ritun Vinna nemenda metin
<b>44</b> 31.10.- 4.11.	Málshátta- og orðtakaverkefni, tölvustofa. Ritunarverkefni: Dæmisaga byggð á tilteknum málshætti/orðtaki. (3)	Lesskilningsverkefni. Efnisspurningar Ritun Vinna nemenda metin
<b>45</b> 7.11.- 11.11.	Lesskilningsverkefni bls. 17-18. Smásagan <i>Einhelti</i> bls. 54-60 og tilheyrandi verkefni unnið. Unnið með söguna með skapandi hætti. (3)	Lesskilningsverkefni. Ýmis verkefni Vinna nemenda metin

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 4 af 5	<b>ÍSLE1RO03</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>


<b>46</b> 14.11.- 18.11.	Kvikmyndin <i>Sódóma Reykjavík</i> sýnd og ýmis verkefni unnin í tengslum við hana. Stórt lesskilningsverkefni. (3) <b>Dagur íslenskrar tungu 16. nóv.</b>	Ýmis verkefni Lesskilningsverkefni 15% af lokaeinkunn Vinna nemenda metin
<b>47</b> 21.11.- 25.11.	Lesskilningsverkefni bls. 20. Samsetning orðaforðans; erfðaröð, nýyrði og tökuorð, skyldleiki orða. (3) <b>Nemendur þurfa að raða sér í hópa og velja sér efni fyrir vinnu næstu viku.</b>	Lesskilningsverkefni Hópverkefni Vinna nemenda metin <b>Seinni skil á vinnumöppu 21. nóv.</b>
<b>48</b> 28.11.- 2.12.	Hópverkefni. Nemendur vinna 2-3 saman og kynna sér tiltekið efni að eigin vali. Þeir útbúa síðan kynningu sem þeir flytja fyrir samnemendur sína og nýta til þess t.d. glærur, veggspjöld, bækling eða annað í þeim dúr. (3)	Hópverkefni 15% af lokaeinkunn Kynning <b>Skil á ritunarmöppu 28. nóv.</b>

#### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>	<b>Vægi</b>	
Lesskilningur	Verkefni við <i>Lestu betur</i> , skila þarf 8 af 10	15%	
Lesskilningur	Samvinnuverkefni	15%	
Ritun	Ritunarmappa	20%	
Tímaverkefni	Vinumappa, skilað tvisvar yfir önnina	15%	
Orðaforði	Málshættir og orðtök, hópverkefni	10%	
Valverkefni	Áhugasviðsverkefni, hópverkefni	15%	
Ástundun	Ástundun og virkni nemenda í kennslustundum	10%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b>			

Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur **fá nemendur annað hvort S (staðið) eða F (fall) í lok annar.** Þeir nemendur sem ekki ljúka áfanganum með tilskildum árangri fá einkunn á kvarðanum 1-4.

**Þegar nemendur hafa lokið áfanganum þurfa þeir undantekningarlaust að fara í ÍSLE1LB04 áður en þeir halda áfram í ÍSLE1FL05.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>ÍSLE1RO03</b> <b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 5 af 5		

**Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.**

**Þessi námsáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

Dagsetning: 17/8 2016

Ashjörg Benediktssd.  
Undirritun kennara

Smári Björnsson  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils